

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 3. efnismgr. 3. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið.
2. Í stað orðanna „skal Fjármálaeftirlitið krefjast“ í 1. efnismásl. 4. gr. komi: getur Fjármálaeftirlitið krafist.
3. Í stað orðsins „framkvæma“ í fyrri málslíð 1. efnismgr. 6. gr. komi: framfylgja.
4. Í stað orðanna „ekki auðkenndir“ í 2. efnismgr. 7. gr. komi: ópersónugreinanlegir.
5. Á undan 17. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
3. másl. 1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo: Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fer yfir 20, 25, 33 eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.
6. 3. efnismgr. 17. gr. falli brott.